

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI VIÐ TRYGGVAGÖTU · P.O. BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354 552 9500 · TELEFAX 354 551 6056

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 121 160
komudagur 11/11 1996

Reykjavík 7.11.1996

Visað er til bréfa formanns sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 21. október 1996 til Landssambands íslenskra útvegsmanna og aðildarfélaga þess, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Stjórn L.Í.Ú. hefur ásamt fulltrúum frá aðildarfélögum sínum fjallað um frumvarpið og fer sameiginleg umsögn L.Í.Ú. og útvegsmannafélaganna hér á eftir.

Undirritaðir fulltrúar benda á tvær samþykktir aðalfundar L.Í.Ú. 1996 er snerta þetta málefni, og beina því til sjávarútvegsnefndar Alþingis að laga frumvarpið að þeim:

Aðalfundur L.Í.Ú. 1996 samþykkir að ef til úthlutunar á aflaheimildum utan lögsögu kæmi og ákvæði um afsal aflaheimilda kæmi til, þá hefðu menn val um hvort þeir afsali heimildum innan eða utan lögsögu.

Aðalfundur L.Í.Ú. 1996 telur eðlilegt að í lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands verði það tryggt að við úthlutun aflaheimilda komi frátafir vegna bilana eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum ekki niður á varanlegri aflahlutdeild viðkomandi skipa.

Uppboð á veiðiheimildum, sem gert er ráð fyrir í 5. og 6. gr. frumvarpsins telja stjórn L.Í.Ú. og útvegsmannafélögin, óframkvæmanlegt og óréttlátt og verði því beitt sé hætt á að veiðiheimildir í úthafinu falli niður öllum til tjóns.

Stjórn L.Í.Ú. og útvegsmannafélögin treysta á það að hinn mikli eftirlitskostnaður sem nú fylgir veiðum á Flæmingjagrunni sé tímabundinn og íslensk stjórnvöld endurnýji ekki samkomulag innan NAFO um hann. Öllum er ljóst að eftirlitsmaður í hverju skipi er þarflaus með öllu.

Varðandi refsíákvæði frumvarpsins í 13. og 14. gr., þá benda umsagnaraðilar á að gert er ráð fyrir upptöku afla í öllum tilvikum hversu lítilfjörleg sem brotin kunna að vera. Hvað refsíákvæði frumvarpsins snertir almennt séð, telja umsagnaraðilar að samræma eigi þau við refsíákvæði þau sem fram koma í frumvarpsdrögum nefndar um endurskoðun á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Að teknu tilliti til ofanritaðs mæla umsagnaraðilar með að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna

Tristján Ragnarsen

f.h. Útvegsmannafélags Akraness

Sturlaugur Sturlaugsson

f.h. Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar

Andrímur Lárusdóttir

f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands

Óskóli Svein Árnarsson

f.h. Útvegsmannafélags Snæfellsness

Jóni Ólafsson

f.h. Útvegsbændafélags Vestmannaeyja

Ingólfur Þorvaldsson

f.h. Útvegsmannafélags Dorlákshafnar

Pjetur Þórnason

f.h. Útvegsmannafélags Austjaðra

Ólafur Þorsson

f.h. Útvegsmannafélags Hornafjarðar

Halldóra B. Jónsdóttir

f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur

Ólafur Þorsson

f.h. Útvegsmannafélags Suðurnesja

Ólafur Þorsson

f.h. Útvegsmannafélags Vestfirða

Ólafur Þorsson